



Hervör Alma Árnadóttir, félagsráðgjafi MSW,
dósent við Félagsráðgjafardeild HÍ.



Bertha María Jónsdóttir, félagsráðgjafi MA,
Barnaverndarþjónusta Kópavogs

Áskoranir við að miðla sjónarmiðum barna: Skýrslur talsmanna í barnavernd

ÚTDRÁTTUR

Áhersla hefur verið lögð á þátttöku barna í ákvörðunum um málefni sem þau varða, og réttur þeirra til þátttöku hefur verið staðfestur í alþjóðasáttmálum og með barnaverndarlögum. Réttur til þátttöku á ekki síður við um börn sem eru skilgreind í viðkvæmri stöðu og njóta stuðnings barnaverndar, og eiga þau rétt á aðstoð talsmanns til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Markmið rannsóknarinnar er að rannsaka hvort aðkoma talsmanna barna styður réttindi þeirra til þátttöku í ákvörðunum barnaverndar, og við spyrjum: Hvernig endurspeгла skýrslur talsmanna óskir og afstöðu barna? Gagna var aflað úr skýrslum talsmanna og þau innihaldsgreind. Niðurstöðurnar benda til þess að almennt endurspegli skýrslur talsmanna ekki sjónarmið barna. Flestar skýrslurnar voru fremur rýrar að innihaldi og umfangi og algengast var að talsmenn hittu börnin aðeins einu sinni í klukkustundar viðtali. Margir

talsmenn áttu erfitt með að mynda tengsl við börnin og hvetja þau til að tjá sig á skýran hátt um viðfangsefni viðtalsins.

Mikilvægt er að talsmenn hafi nægan tíma til að byggja upp traust og tengsl í starfi sínu með börnum þannig að sjónarmið barnanna komi fram.

Lykilorð: Börn, þátttaka barna, réttur barna, talsmenn, barnavernd

ABSTRACT

There has been an emphasis on children's participation in decisions about issues that concern them, and their right to participate has been affirmed in international conventions and child protection laws. This right applies equally to children who are defined as being in vulnerable positions and are supported by child protection services; these children also have the right to the assistance of a spokesperson to express their views. The aim is to investigate whether the involvement of children's spokesper-

sons supports their rights to participate in child protection decisions. We ask: How do spokespersons' reports reflect children's wishes and perspectives? Data were obtained from existing reports and content analysis. The findings indicate that, in general, spokespersons' reports do not reflect children's perspectives. Most reports were rather limited in content and scope. It was common for spokespersons to meet with children only once in a one-hour interview before writing their reports. Many spokespersons struggled to establish a connection with the children and to encourage them to express themselves clearly about the interview topics.

It is essential that spokespersons have sufficient time to build trust and rapport in their work with children, ensuring that their perspectives are represented.

Keywords: Child, children's participation, children's legal rights, spokesperson, child protection

INNGANGUR

Þátttaka barna í ákvörðunum um eigið líf og aðstæður hefur aukist á síðustu áratugum í samræmi við samtíma-hugmyndir um hæfni og getu barna (Bluebond-Langner og Korbin, 2007; James o.fl., 2012; Kosher og Ben-Arieh, 2020). Með barnasáttmálanum (sbr. lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013) er börnum tryggður réttur til þátttöku í málum sem þau varða, og samkvæmt barnaverndarlögum (nr. 80/2002) eiga börn rétt á að taka þátt í ákvörðunum sem snerta þau, annaðhvort beint eða með stuðningi talsmanns.

Þrátt fyrir lagalegan rétt og vaxandi þekkingu á mikilvægi þátttöku hefur reynst erfitt að auka þátttöku barna í ákvörðunum innan barnaverndar (Heimer o.fl., 2018; Kosher o.fl., 2020). Í niðurstöðum rannsókna hefur verið bent á að barnaverndarstarfsfólk upplifi það sem erfiða áskorun að auka þátttöku barna (van Bijleveld o.fl., 2013; Kennan o.fl., 2021) og að í mörgum tilfellum skapi starfsfólkið börnum ekki tækifæri til áhrifa á ákvarðanir sem teknar eru um líf þeirra og aðstæður (Dillon, 2021).

ÞÁTTTAKA BARNNA

Þátttaka barna felur í sér rétt þeirra til að tjá skoðanir sínar um málefni sem þau varða, auk þess að hafa áhrif á ákvarðanir sem snerta líf þeirra. Hugmyndin að baki þátttöku barna byggist á þeirri afstöðu að þau séu einstaklingar með eigin skoðanir, reynslu og þekkingu, sem geti skipt sköpum fyrir þau sjálf, líðan þeirra og samfélagið allt (Tisdall og Punch, 2012; Thomas, 2007).

Fræðimenn hafa bent á að hugtakið „þátttaka“ sé oft óljóst og oft ekki útskýrt eða sett í hugmyndafræðilegt samhengi, og það geti valdið því að fagfólk hafi mismunandi skilning á

því hvað felst í þátttöku barna. Þetta getur skýrt hvers vegna þátttaka barna verður oft erfið í framkvæmd þrátt fyrir almennt jákvætt viðhorf fagfólks (van Bijleveld o.fl., 2013; Vis o.fl., 2012). Laura Lundy hefur fjallað um þátttöku barna og sett fram þátttökulíkan til þess að skoða og þróa þátttöku barna. Hún leggur áherslu á að það nægi ekki að vitna til 12. greinar barnasáttmálans þegar fjallað er um þátttöku, skoða þurfi sáttmálann í heild og líta þurfi á þátttöku sem ferli. Þátttökulíkanið tekur til fjögurra þátta og útskýrir höfundur hvernig þessir þættir tengjast og mynda ferli. Þættirnir byggjast á því að börn hafi rödd (e. voice), vettvang (e. space), áheyrn (e. audience) og áhrif (e. influence). Ef ekki er hugað að öllum þessum þáttum í ákvarðanatökuforlinu er hæpið að tala um merkingarbæra þátttöku og að sjónarmiðum barnsins hafi verið komið á framfæri (Lundy, 2007).

Harry Shier hefur einnig fjallað um þátttöku barna og í því samhengi skilgreint fimm stig þátttöku, sem hvert og eitt lýsa því hvernig börn hafa áhrif á ákvarðanatöku: 1) Fullorðnir hlusta á börn, 2) börn eru hvött til að tjá sig, 3) skoðanir barna eru teknar til greina, 4) börn eiga aðild að ákvarðanatöku ásamt fullorðnum, og að lokum 5) börn hafa frumkvæði og taka ákvarðanir með fullorðnum. Hvert stig er metið út frá þremur viddum: aðgengi (e. openings), tækifærum (e. opportunities) og skyldum (e. obligations). Aðgengi snýst um hvort börn hafa tækifæri til þátttöku, tækifærin snúast um hvort þau hafa raunverulega möguleika á að taka þátt og fá stuðning og skyldan snýr að því að fagfólk og stofnanir verði að tryggja þátttöku barna en ekki líta á þátttöku þeirra sem valkost (Shier, 2001). Shier (2019) hefur bent á að fullorðnir eigi

það til að spyrja leiðandi spurninga eða spurninga sem séu of flóknar til að börn skilji þær. Einnig sé hætta á því að ef svör barna samræmast ekki hugmyndum hins fullorðna séu þau ekki tekin alvarlega. Því þarf fagfólk að kunna vel til verka þegar unnið er með börnum. Undirbúningur er lykilatriði til að hægt sé að skapa rými sem ein-kennist af trausti og trúnaði. Fagfólk þarf að útskýra hlutverk sitt og ábyrgð gagnvart barninu á tungumáli sem barnið skilur, og gefa sér tíma til að meðtaka bæði yrt og óyrt skilaboð. Auk þessa er mikilvægt að fagfólk, og þar með talsmenn, hafi tök á fjölbreyttum aðferðum í vinnu með börnum, svo sem leik, teikningum og myndrænum kvörðum, sem hafa reynst gagnlegar til að auðvelda börnum tjáningu og tryggja merkingarbæra þátttöku (Dalrymple og Boylan, 2013; MacRae, 2020; Shier, 2019; Tornero og Capella, 2017).

TALSMENN BARNNA INNAN BARNVERNDAR

Hlutverk talsmanns innan barnaverndar er að tala við barnið og tryggja sem best að sjónarmið þess komist á framfæri. Við vinnslu máls hjá barnavernd skal velja talsmann „sem er best til þess fallinn að þjóna hagsmunum barns í hverju máli sem um ræðir“ (barnaverndarlög nr. 80/2002; reglugerð um málsmeðferð barnaverndarnefnda nr. 56/2004, 30. gr.). Ákvæði um skipun talsmanns voru í fyrsta sinn sett í lögin um vernd barna og ungmenna nr. 58/1992. Árið 2021 voru 6.433 barnaverndarmál í vinnslu á Íslandi og fengu 242 börn þá skipaðan talsmann þegar mál var lagt fyrir umdæmisráð barnaverndar (Barnaverndarstofa, 2024).

Í reglugerð um málsmeðferð barnaverndarnefnda (nr. 56/2004) segir að talsmaður barns megði ekki hafa hagsmuni af niðurstöðu barnaverndarmáls-

ins eða tengjast neinum sem hagsmuni hefur. Engar sérstakar menntunar-kröfur eru gerðar til talsmanns, en leitast skal við að talsmaður hafi þekkingu á málefnum barna og skilning á barnaverndarmálum. Hlutverk talsmanns er skilgreint í 31. grein reglugerðarinnar, „að ræða við barnið og koma á framfæri sjónarmiðum þess“. Talsmenn hafa ekki beinan aðgang að upplýsingum um barnaverndarmálið og er það á ábyrgð starfsfólks barnaverndar að ákveða hvaða upplýsingar talsmaður þarf til að sinna hlutverki sínu.

Í verklagsreglum sem þróaðar hafa verið hjá Barnavernd Reykjavíkur (2022) er fjallað um hlutverk talsmanns og ábyrgð. Hlutverkið hefst þegar talsmaður samþykkir að vera talsmaður tiltekins barns og því lýkur þegar talsmaður kemur á fund barnaverndarnefndar (nú umdæmisráðs) eða skilar skýrslu ef barnið óskar ekki eftir að talsmaður komi á fundinn. Í upphafi verður talsmaður að tryggja að barnið skilji hlutverk talsmannsins og í verklagsreglunum er tekið fram að talsmaður ætti að hitta barnið oftast en einu sinni ef barninu gengur erfiðlega að tengjast talsmanninum eða að tjá sig. Reglurnar taka einnig á því hvar fundir eigi að fara fram og leyfa símtöl undir sérstökum kringumstæðum, svo sem þegar talsmaður þekkir barnið eða ef fjarlægðir valda vandræðum. Talsmaður skal skrifa skýrslu sína þegar honum eru ljós sjónarmið barnsins.

Hlutverk talsmanna er breytilegt eftir samfélögum og virðist sums staðar ekki aðeins vera það að átta sig á þörfum barnsins heldur einnig að skapa rými fyrir barnið til þess að tala um drauma sína, vonir og óskir (Føleide, 2021). Enroos og félagar (2017) rannsökuðu starfshætti talsmanna í Noregi og Finnlandi. Í niðurstöðum kemur fram að í Noregi nota

talsmenn að meðaltali þrjár klukkustundir með barni áður en skýrsla er unnin, en talsmenn í Finnlandi nota talsvert lengri tíma með barni, eða að meðaltali 15 klukkustundir, áður en skýrsla er skrifuð. Hrefna Friðriksdóttir og Hafdís Gísladóttir (2015) skoðuðu starfshætti við skipun talsmanna hjá barnavernd á Íslandi með það að markmiði að greina hvað leiddi til þeirrar ákvörðunar að skipa barni talsmann. Niðurstöður sýndu að skipun talsmanns átti sér oftast stað þegar búið var að vinna að málinu í talsverðan tíma. Aðeins í einu tilviki sem höfundar skoðuðu var skipaður talsmaður strax við upphaf málsins og oftast var barni skipaður talsmaður við undirbúning ákvörðunar um að ráðstafa því í vistun utan heimilis þess, eða samhliða slíkri ákvörðun. Talsmenn voru frekar skipaðir fyrir eldri börn, sem komin voru á skólaaldur, en yngri. Einnig kom fram að höfundar töldu að verklag við skipun talsmanns endurspegladi ekki lagalega þróun í kjölfar barnasáttmálans og uppfyllti því ekki samtímakröfur um vinnu með börnum. Höfundar bentu á skort á formfestu við ákvörðun barnaverndarnefnda (nú umdæmisráða) um skipun talsmanns, ónógan rökstuðning og það að ekki færi fram reglulegt mat á ákvörðununum.

Markmiðið hér er að rannsaka hvort aðkoma talsmanna barna styður réttindi þeirra til þátttöku í ákvörðunum barnaverndar, og við spyrjum: Hvernig endurspeglar skýrslur talsmanna óskir og afstöðu barna?

AÐFERÐ

Rannsóknin byggist á eigindlegri rannsóknaraðferð þar sem beitt var innihaldsgreiningu fyrirbyggjandi gagna (e. content analysis) (Braun og Clark, 2013). Gögnin voru skýrslur talsmanna

frá barnaverndarþjónustum tveggja sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu frá árunum 2012–2021.

Framkvæmd og greining gagna

Rannsóknin hófst vorið 2022 með því að óskað var eftir aðgengi að skýrslum talsmanna frá barnaverndarþjónustum í fimm sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Tvær barnaverndarþjónustur svöruðu og veittu leyfi. Samkvæmt samantekt frá barnaverndarþjónustum voru um helmingi fleiri barnaverndarmál afgreidd í öðru sveitarfélaginu en hinu (Barna- og fjölskyldustofa, 2025) og þau höfðu ólíkt vinnulag við afhendingu gagnanna til rannsakenda. Vegna þess tíma sem áætlaður var í rannsóknina var mikilvægt að afmarka efnið. Því var ákveðið að flokka skýrslurnar eftir árum og greina skýrslur frá öðru hverju ári yfir 10 ára tímabil, frá árinu 2012–2021. Í sveitarfélaginu þar sem barnaverndarmálin voru færri útbjó starfsmaður sveitarfélagsins lista með 60 skýrslum talsmanna. Á þeim lista voru 45 skýrslur frá því tímabili sem var til skoðunar. Í stærra sveitarfélaginu, þar sem barnaverndarmál voru rúmlega helmingi fleiri en í því minna, voru skýrslur talsmanna kallaðar fram úr málaskrárm á rafrænan hátt og voru rannsakendum afhentar 1.500 skýrslur. Af þeim voru 786 frá þeim árum sem rannsóknin tók til. Því næst voru 102 skýrslur valdar til greiningar með lagskiptu slembiúrtaki (e. stratified random sampling). Helmingi fleiri skýrslur voru valdar frá stærra sveitarfélaginu en því minna, í heild 17 skýrslur frá hverju ári. Þessi aðferð þykir góð þegar hópar innan þýðisins eru misfjölmennir, sem var reyndin í þessari rannsókn. Með því að beita þessari úrtaksaðferð gátum við flokkað skýrslurnar eftir aldri, kyni og búsetu barnanna í þeirri viðleitni að

fá sem skýrasta mynd af hópnum sem um ræðir. Nöfn barnanna höfðu verið tekin út áður en rannsakendur fengu skýrslurnar í hendur.

Við lestur skýrslunnar voru skráðar tölulegar upplýsingar sem settar höfðu verið fram sem viðmið en þær voru árið sem skýrsla var rituð, lengd skýrslunnar, aldur barna, fjöldi barna sem skýrsla tók til, hve löngum tíma talsmaður varði með barninu, hve oft talsmaður hitti barnið, ástæða aðkomu talsmanns og hvort fram kæmi að barn hefði verið upplýst um hlutverk talsmanns.

Til að greina innihald skýrslunnar fylgdum við sex skrefa þemagreiningarferli Braun og Clarke (2013) með það að markmiði að greina mynstur í gögnunum. Fyrst voru allar 102 skýrslurnar lesnar mörgum sinnum til þess að fá tilfinningu fyrir innihaldinu. Í þeim yfirlestri voru skrifaðar niður athugasemdir um endurteknar hugmyndir og orðasambönd sem gætu skipt máli varðandi rannsóknarspurninguna. Næsta skref var að búa til upphafskóða. Gögnin voru síðan kóðuð kerfisbundið með því að greina orð, setningar og textahluta sem tengdust sjónarmiðum og þátttöku barna. Hver kóði var litamerktur til að tryggja skýrleika á síðari stigum greiningar. Í skrefi þrjú voru kóðin skoðuð og fundið samhengi sem gæti leitt til þema. Síðan voru kóðin flokkuð enn frekar með áherslu á sameiginleg einkenni, mótsagnir og leit að einhvers konar mynstri. Á þessu stigi var skoðað hvernig sjónarmið barna voru sett fram og hvernig og hvort talsmenn studdu þátttöku, með það í huga að athuga hvort og hvernig skipulagslegar hindranir gætu hafa haft áhrif á tækifæri barnanna til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Því næst voru þemun fínþýtt. Þá voru sam-

einuð þemu sem skoruðust og þau lögð til hliðar sem voru illa rökstudd. Tvö kóð féllu undir þemað „Sjónarhorn barns“ og voru það kóðin „vilji barns“ og „túlkun talsmanns“. Eitt kóð féll undir þemað „Mat talsmanna“ og var það faglegt og persónulegt mat talsmanns sem kom fram í lok skýrslunnar. Í skrefi fimm voru þemun sem nýta átti skilgreind og þau tengd rannsóknarspurningunni. Að lokum var ferlið endurtekið og ígrundað með tilliti til þess hvort efni skýrslunnar væri líklegt til að varpa ljósi á sjónarmið barna.

Síðferðisleg álitamál og takmarkanir

Rannsóknin var tilkynnt til Persónuverndar samkvæmt lögum um vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018. Sveitarfélögin sem samþykktu þátttöku voru ólík að stærð þótt þau væru í hópi fjölmennari sveitarfélaga landsins. Í stærra sveitarfélaginu virtist áherslan hafa verið mun meiri á að kalla til talsmenn þegar teknar voru mikilvægar ákvarðanir sem vörðuð börn því hlutfallslega fleiri skýrslur bárust þaðan. Eins og fram hefur komið voru barnaverndarmál í stærra sveitarfélaginu rúmlega helmingi fleiri en í minna sveitarfélaginu en það endurspeglast ekki í fjölda þeirra skýrslna sem rannsakendur fengu aðgang að. Í upphafi var ætlunin að bera sveitarfélögin saman en tímarammi rannsóknarinnar leyfði það ekki og er það ákveðin takmörkun.

NIÐURSTÖÐUR

Þau meginþemu sem sjónum er beint að hér eru annars vegar *sjónarhorn barns* og hins vegar *mat talsmanna*. Áður en fjallað er um þemun skal gerð grein fyrir bakgrunnsupplýsingum sem fram komu í skýrslunum og framkvæmd viðtalanna.

Umgjörð og eðli viðtalanna

Greindar voru 102 skýrslur talsmanna og náðu þær til 122 barna á aldrinum þriggja til 17 ára, 64 stúlkna og 58 drengja. Algengast var að skýrslur fjölluðu um eitt barn, en í 16 skýrslum var fjallað um systkini. Samtals voru talsmennirnir 43, flestir félagsráðgjafar. Í 79 skýrslum kom fram að markmiðið væri að ná fram sjónarmiðum barns varðandi núverandi búsetu sína, hvort sem sú búseta var á heimili foreldra, vistheimili eða fósturheimili.

Verkefni talsmanna var að ræða við börnin, skrá afstöðu þeirra til þeirrar ákvörðunar sem taka þurfti og skrifa um þetta skýrslu. Lengd tímans frá því að beiðni barst talsmanni þangað til skýrslu var skilað var hægt að lesa út úr 13 skýrslum. Í flestum tilfellum liðu þrír til sjö dagar þangað til skýrslu var skilað, en í tveimur tilvikum liðu 10–20 dagar. Í 82 tilfellum ræddi talsmaður einu sinni við barn. Voru flest viðtölin um klukkutími að lengd. Flestar voru skýrslurnar um tvær blaðsíður, en lengd þeirra var frá hálfri blaðsíðu upp í níu blaðsíður. Í lengstu skýrslunni var fjallað um fleiri börn en eitt.

Samkvæmt skýrslunum upplýstu flestir talsmannanna börnin um stöðu sína og útskýrðu hlutverk sitt. Fæstir skýrðu þó fyrir þeim réttindi barna eða hver hefði aðgang að skýrslunum. Fáir talsmannanna virtust fá staðfestingu á að börnin skildu hlutverk þeirra, en í einstaka skýrslum var tekið fram að farið hefði verið yfir efni skýrslunnar með barninu til að tryggja að frásögn væri rétt skráð.

Viðtalsstaður var yfirleitt valinn af talsmanni, foreldrum eða barnaverndarstarfsfólki. Börnin voru oftast ein með talsmanni í viðtalinu, en í nokkrum tilfellum óskaði barnið eftir viðveru annars aðila. Skýrslurnar bentu til þess að þegar lengri tíma var varið með

börnunum hefðu þau almennt verið opnari fyrir því að ræða skoðanir sínar.

Sumir talsmenn nýttu skapandi aðferðir, svo sem teikningar og myndræna kvarða, til að styðja börnin við að tjá sig, ekki var þess getið hvaða áhrif það hefði haft á samtalið. Þegar talsmenn lýstu líðan barns í samtalinu var oft um að ræða óryggi eða feimni í upphafi, sem dró úr eftir því sem á viðtalið leið. Einn talsmannanna sagði: „... stúlkan var örlítið feimin í fyrstu en opnaði sig síðan eftir smá spjall“.

Nú verður fjallað um þemun tvö, sjónarhorn barns og mat talsmanna.

Sjónarhorn barns

Í nokkrum skýrslum mátti sjá að það sem barn sagði í samtali við talsmann var skráð en tekið fram að barnið hefði ekki verið skýrt um vilja sinn. Einn talsmannanna sagði að „hann [barnið] færir aðeins fram og til baka í því hvernig hann vildi hafa þetta. Segist bæði vera ánægður með umgengnina eins og hún er í dag en nefnir líka að hann vilji fara oftar.“

Í nokkrum skýrslum mátti greina að börnin hefðu haft skýra sýn á hvað þau vildu og getað komið því til skila. Aftur á móti var talsvert um að talsmenn ættu ekki auðvelt með að ná tengslum við börnin þannig að þau væru tilbúin að tjá sig. Einn talsmannanna sagði í því sambandi: „Eins og hér að ofan kemur fram tókst undirrituðum talsmanni ekki að fá svör frá dreng um hugsanlega vistun utan heimilis.“

Ástæður sem talsmenn nefndu fyrir því að börnin tjáðu sig ekki nægilega tengdust í flestum tilfellum vanlíðan barns í samtalinu eða þeirri afstöðu þess að vilja ekki ræða við talsmann vegna þess að því þætti það tilgangslaust og þreytandi því að það fengi hvort sem væri ekkert um málið að segja. Einn talsmannanna skrifaði að

barnið hefði verið spurt hvað því þætti um það að dvelja hjá föður í nokkra mánuði og barnið segðist „alveg vera til í það, en hann réði því ekki sjálfur“.

Í skýrslunum mátti sjá talsmenn styðjast við aðra aðferð en hefðbundna viðtalsaðferð, meðal annars í formi myndræns tilfinningakvarða, auk þess sem tveir talsmenn báðu börnin að teikna fjölskyldumynd. Í skýrslunum mátti sjá að slík aðferð skapaði gjarnan samræður sem leiddu til þess að barn opnaði sig enn frekar við talsmann um atburði, og það gaf talsmanni sýn á sjónarmið og afstöðu barnsins.

Nokkuð var um það í skýrslunum að talsmanni fannst aldur og þroski barns koma í veg fyrir að það gæti komið sínum sjónarmiðum á framfæri. Skýrslur úr samtölum við börn undir sex ára aldri voru 13 talsins og voru þær fremur stuttar og innihaldsrýrar. Talsmaður sem ræddi við fjögurra ára barn sagði: „Undirrituð telur drenginn ekki hafa þroska né færni til að svara þeim spurningum sem talsmanni var ætlað að fá svör við.“ Í einni skýrslunni mátti sjá að tungumálaörðugleikar ollu því að barnið náði ekki að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Talsmaður ræddi við barnið án þess að hafa túlk, barnið skildi lítið í íslensku og talsmaður skildi ekki móðurmál barnsins. Talsmaður sagðist í skýrslunni hafa átti erfitt með að skilja það sem barnið sagði og því ekki geta komið því til skila. Ekki fengust upplýsingar um það hvort túlkþjónusta er almennt í boði þegar talsmenn eru ráðnir til starfa.

MAT TALSMANNA

Algengt var að talsmenn settu fram mat sitt í lok skýrslunnar. Þó nokkrir sögðu að illa hefði gengið að ná fram sjónarmiðum barnsins og nefndu í því sambandi að líðan barnsins væri ekki góð og það þyrfti hugsanlega á frekari

stuðningi að halda. Dæmi um þetta voru að barnið þyrfti stuðning vegna aðstæðna sinna almennt, það þyrfti aðstoð við félagsleg tengsl og stuðning til þess að átta sig á tilfinningum sínum. Einn talsmannanna sagði:

Hver svo sem ákvörðun barnaverndaryfirvalda um dvalarstað stúlkunnar verður telur undirrituð að æskilegt sé að aðstoða stúlkuna við að vinna úr tilfinningum sínum gagnvart því sem á undan er gengið og almennt til að ræða líðan sína, stöðu og sjálfsmynd.

Einn talsmannanna sagði í mati sínu að fljótlega þyrfti að taka ákvörðun þar sem málið væri farið að reyna á barnið:

Það er alveg ljóst að þessari stúlkur líður ekki vel. [Málið] er að hafa áhrif á hana og er það farið að brjótast út á ýmsan hátt. Hún var eins einlæg og hún gat í viðtalinu og viðtalið reyndi oft á hana. Samkomulag verður að nást svo henni geti farið að líða betur.

Einn talsmannanna lagði áherslu á að mikilvægt væri að hlusta á þarfir barnsins. Barnið vissi hvað það vildi og talsmaðurinn sagði:

Mikilvægt er að hlusta á óskir stúlku hvað varðar búsetu í fjarveru móður hennar. Það umhverfi sem hún finnur sig sterka í og veitir henni öryggi og stuðning gerir hana hæfari til að takast á við þau erfiðu verkefni sem hún þarf að takast á við í lífinu.

Tveir talsmannanna gáfu mat sitt með þeim fyrirvara að ræða þyrfti aftur við barnið. Voru þeir á því að sjónarmið barnsins hefðu ekki komist til skila í

viðtalinu sem þeir tóku en báðir þessir talsmenn hittu viðkomandi barn einu sinni áður en skýrslan var skrifuð. Annar þeirra skrifaði að hann teldi „mikilvægt að það sé rætt við telpurnar aftur um samskipti þeirra við móður þeirra. Talsmaður hafði á tilfinningunni að eitthvað hvíldi á systrunum sem talsmaður fékk ekki fram í þessu viðtali.“

Einn talsmannanna var ekki viss um að það væri hlutverk hans að gefa mat frá eigin brjósti í lok skýrslu, og sagði:

Mín skoðun er, ef ég má hafa skoðun, að börnin eru mjög bæld og eru greinilega hrædd að tjá sig um þeirra ástand og umhverfi. Öðugt er að fullyrða hvað orsakar þessa hræðslu, en fagaðilar geta hugsanlega fundið út úr því, en þetta virkaði á mig eins og þeim hafi verið uppálagt að tjá sig ekki.

Nokkrir talsmannanna veittu því athygli að börnin sem þeir töluðu við voru óörugg og kvíðin í samtalinu. Þeir höfðu þá orð á því í mati sínu til dæmis að gætilega þyrfti að fara að börnunum þegar rætt væri við þau og þegar teknar yrðu ákvarðanir um hagi þeirra og lífsaðstæður. Einn þeirra sagði í þessu sambandi: „Það þarf að fara gætilega að þessum dreng, hann virðist kvíðinn fyrir nýjum aðstæðum og ekki að undra við þessar aðstæður.“

Annar hvetur barnaverndaryfirvöld til að taka ákvörðun og standa við hana „því það er drengnum mjög mikilvægt að fá einföld og skýr boð og reglur og umfram allt að það sem sagt er við hann og ákveðið, að það standi“.

UMRÆÐA

Markmiðið rannsóknarinnar var að kanna hvort aðkoma talsmanna barna styður réttindi þeirra til þátttöku í ákvörðunum barnaverndar og spurt

var hvernig skýrslur talsmanna endurspegluðu óskir og afstöðu barna. Niðurstöður benda til þess að aðkoma talsmanna sé takmarkaður stuðningur við réttindi barna til þátttöku í ákvörðunum um eigið líf. Aðeins í örfáum tilvikum sé hægt að greina óskir og afstöðu barna í efni skýrslanna. Flestar skýrslurnar voru lýsandi en ekki greinandi. Þær innihéldu upplýsingar um umgjörð viðtalsins auk álits talsmanns en ekki um líðan barnsins, óskir og þarfir. Skýrslurnar báru þess merki að skortur væri á skýrum leiðbeiningum til talsmanna og fræðslu um hvað fælist í merkingarbærri þátttöku. Samkvæmt skýrslunum virðast talsmenn ekki hafa haft eða gefið sér þann tíma sem nauðsynlegur er til þess að mynda tengsl við börn og ná trúnaði þeirra svo að fanga megir óskir þeirra og afstöðu. Talsmennirnir sem þessi rannsókn tekur til notuðu talsvert styttri tíma með börnunum en talsmenn í Noregi og Finnlandi samkvæmt rannsóknum Enroos og félagi (2017).

Sum barnanna urðu öruggari þegar leið á viðtalið við talsmann. Þetta virðist sýna mikilvægi trausts og tengsla svo að barninu líði vel og geti komið sjónarmiðum sínum á framfæri. Í þessu samhengi mætti skoða hvort það ætti að skipa talsmann fyrr í málsmeðferðinni til að gefa börnunum frekari tækifæri til að hitta talsmanninn og kynnast honum, eins og Hrefna Friðriksdóttir og Hafdís Gísladóttir bentu á í rannsókn sinni frá árinu 2015.

Samkvæmt skýrslunum útskýrðu talsmenn flestir hlutverk sitt fyrir börnunum, sem er mikilvægt, en fáir ræddu um réttindi barna eða sögðu hver hefði aðgang að skýrslunum sem unnar yrðu upp úr viðtölunum. Í nýlegri rannsókn nefnir Toros (2020) lélega upplýsingagjöf til barna sem eina hindrun þess að börn taki virkan þátt í umfjöllun um eigin málefni. Að

útskýra réttindi barna og skapa þeim tækifæri til að spyrja spurninga getur, eins og Shier (2019) bendir á, hjálpað þeim að skilja tilgang sinn og mikilvægi í ferlinu.

Samkvæmt Lundy (2007) er mikilvægt að tryggja börnum öruggt rými til að tjá skoðanir sínar, og mikilvægt er að þeim sé boðið að hafa skoðun á því hvar viðtal skuli fara fram. Í þessari rannsókn var það oftast talsmaður eða barnaverndarstarfsmaður sem valdi viðtalsstaðinn, án samráðs við börnin, og vekur það spurningar um hvort börnin hafi upplifað að rýmið væri öruggt.

Flestir talsmannanna beittu hefðbundinni viðtalsaðferð í nálgun sinni við börnin og þeir voru ekki margir sem nýttu sér skapandi aðferðir, svo sem myndræna kvarða og teikningar, til að auðvelda börnunum að tjá sig, eins og fræðimenn mæla með (MacRae, 2020; Tornero og Capella, 2017). Fram kom að þeir talsmenn sem nýttu sér myndræna tilfinningakvarða og teikningar ásamt hefðbundnu samtali náðu betri tengslum við börnin en þeir sem einungis beittu viðtalinu. Þær aðferðir virðast hafa stutt börnin í því að tjá sig um atvik og þannig hafi talsmanni gefist betri sýn á sjónarmið og afstöðu barnanna. Í nokkrum tilfellum töldu talsmenn að börnin hefðu ekki nægilegan þroska til að tjá sjónarmið sín, en reyndu ekki aðrar aðferðir en viðtalið til að auðvelda þeim tjáningu, þvert á ráðleggingar Shiers (2001) um að aðstoða börn við að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Niðurstöður þessarar rannsóknar samræmast niðurstöðum Hrefnu Friðriksdóttur og Hafdísar Gísladóttur frá árinu 2015 um að endurskoða og bæta þurfi vinnulag talsmanna til þess að það markmið náist að auka þátttöku og áhrif barna á ákvarðanir sem teknar eru í málefnum sem þau varða. Við þá endurskoðun

væri hægt að hafa líkan Lundy (2007) til hliðsjónar og útbúa skýrar leiðbeiningar fyrir talsmenn byggðar á þeim lykilþáttum sem talið er að þurfi að liggja merkingarbærri þátttöku til grundvallar. Einnig þyrfti að huga að fræðslu fyrir talsmenn um uppbyggingu trausts og skapandi samtalstækni til þess að auka líkur á því að barnið fái ráðrúm til að tjá sig um óskir sínar og aðstæður. Fræðimenn hafa bent á mikilvægi þess að gefa börnum tíma til að tjá sig opið og frjálsglega auk þess að bjóða þeim upp á skapandi leiðir til að tjá sig (Sherman, 2015; van Bijleveld o.fl., 2013).

LOKAORÐ

Niðurstöður rannsóknarinnar eru þær að aðkoma talsmanna barna styðji ekki réttindi þeirra til þátttöku í ákvörðunum barnaverndar því að óskir og sjónarmið barnanna komi mjög lítið fram í skýrslunum. Til þess að auðvelda talsmönnum að miðla sjónarmiðum barnanna þarf að skýra vinnulag, ráða talsmenn fyrir í ferlinu og tryggja að þeir hafi faglega þekkingu á vinnu með börnum. Í reglugerð um málsmeðferð í barnaverndarþjónustu er hæfni talsmanna skilgreind en þar er ekki að finna skýrar leiðbeiningar um það hvernig þeir skuli sinna starfinu. Afleiðingar þessa óskýrleika geta orðið þær að talsmenn nái ekki að styðja börnin í því að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og skapa þeim þannig tækifæri til áhrifa á líf sitt og aðstæður.

HEIMILDIR

- Arnadóttir, H. A., Kristinsdóttir, G., Seim, S. og Vis, S. A. (2023). Challenges for researchers when getting access to children and young people and their consent in research: A scoping review. *Nordic Social Work Research*, 13(4), 641–655. <https://doi.org/10.1080/2156857X.2023.2290129>
- Barnavernd Reykjavíkur. (2022). Verklagsreglur um talsmenn í barnaverndarmálum. (Óútgefið).
- Barna- og fjölskyldustofa. (2025). *Árleg samantekt frá barnaverndarþjónustum 2022*. Barna- og fjölskyldustofa. https://assets.ctfassets.net/8k0h54kbe6bj/47dws08OalR9W6jY9nXWjO/9adff1b770431c7d3614dc26c28b40f2/%C3%81reg_samantekt_fr%C3%A1_barnaverndar%C3%BEj%C3%B3nustum_2022.pdf
- Barnaverndarlög nr. 80/2002.
- Barnaverndarstofa. (2024). *Tölulegar upplýsingar frá barnaverndarnefndum 2021*. https://assets.ctfassets.net/8k0h54kbe6bj/2jiXGvGg83MuJ3HWMHM5PB/1f823019f2ad948beaaab2194932a617/To_lulegar_upply_singar_fra__barnaverndarnefndum_2021.pdf
- van Bijleveld, G. G., Dedding, C. W. M. og Bunders-Aelen, J. F. G. (2013). Children's and young people's participation within child welfare and child protection services: A state-of-the-art review. *Child & Family Social Work*, 20(2), 129–138. <https://doi.org/10.1111/cfs.12082>
- Bluebond-Langner, M. og Korbin, J. E. (2007). Challenges and opportunities in the anthropology of childhoods: An introduction to "Children, childhoods, and childhood studies". *American Anthropologist*, 109(2), 241–246. <https://doi.org/10.1525/aa.2007.109.2.241>
- Braun, V. og Clarke, V. (2013). *Successful qualitative research: A practical guide for beginners*. Sage.
- Dalrymple, J. og Boylan, J. (2013). *Effective advocacy in social work*. Sage.
- Dillon, J. (2021). 'Wishes and feelings': Misunderstandings and missed opportunities for participation in child protection proceedings. *Child & Family Social Work*, 26(4), 664–676. <https://doi.org/https://doi.org/10.1111/cfs.12847>
- Enroos, R., Helland, H. S., Pösö, T., Skivenes, M. og Tonheim, M. (2017). The role and function of the spokesperson in care order proceedings: A cross-country study in Finland and Norway. *Children and Youth Services Review*, 74, 8–16. <https://doi.org/10.1016/j.childyouth.2017.01.017>
- Føleide, M. H. (2021). Three conversation practices illuminating how children's views and wishes are explored in care proceedings: An analysis of 22 children's spokespersons' accounts. *Children and Youth Services Review*, 120, 1–8. <https://doi.org/10.1016/j.childyouth.2020.105717>
- Heimer, M. H., Näsman, E. og Palme, J. (2018). Vulnerable children's rights to participation, protection, and provision: The process of defining the problem in Swedish child and family welfare. *Child and Family Social Work*, 23(2), 316–323. <https://doi.org/10.1111/cfs.12424>
- Hrefna Friðriksdóttir og Hafðís Gísladóttir. (2015). Skipan talsmanns fyrir börn – grundvöllur ákvörðunar og framkvæmd. *Stjórnsmál og stjórnsýsla*, 11(2), 313–332. <https://skemman.is/bitstream/1946/23513/1/a.2015.11.2.10.pdf>
- James, A., Jenks, C. og Prout, A. (2012). *Theorising childhood*. Polity Press (13. útg.).
- Kennan, D., Brady, B., Forkan, C. og Tierney, E. (2021). Developing, implementing and critiquing an evaluation framework to assess the extent to which a child's right to be heard is embedded at an organisational level. *Child Indicators Research*, 14(5), 1931–1948. <https://doi.org/10.1007/s12187-021-09842-z>
- Kosher, H. og Ben-Arieh, A. (2020). Social workers' perceptions of children's right to participation. *Child & Family Social Work*, 25(2), 294–303. <https://doi.org/10.1111/cfs.12685>
- Lundy, L. (2007). 'Voice' is not enough: Conceptualising article 12 of the United Nations Convention on the rights of the child. *British Educational Research Journal*, 33(6), 927–942. <https://doi.org/10.1080/01411920701657033>
- Lundy, L. (2018). In defence of tokenism? Implementing children's right to participate in collective decision-making. *Childhood*, 25(3), 340–354. <https://doi.org/10.1177/0907568218777292>
- Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013.
- Lög um vernd barna og ungmenna nr. 58/1992.
- MacRae, C. (2020). Tactful hands and vibrant mattering in the sand tray. *Journal of Early Childhood Literacy*, 20(1), 90–110. <https://doi.org/10.1177/1468798420901858>
- Reglugerð um málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd nr. 56/2004.
- Sherman, L. (2015). *Skills in counseling and psychotherapy with children and young people*. Sage.
- Shier, H. (2001). Pathways to participation: Openings, opportunities and obligations. *Children & Society*, 15(2), 107–117. <https://doi.org/10.1002/chi.617>
- Shier, H. (2019). An analytical tool to help researchers develop partnerships with children and adolescents. Í I. Berson, M. Berson og C. Gray (ritstj.), *Participatory methodologies to elevate children's voice and agency* (bls. 295–315). IAP.
- Thomas, N. (2007). Towards a theory of children's participation. *International Journal of Children's Rights*, 15(2), 199–218. <https://doi.org/10.1163/092755607X206489>
- Tisdall, E. K. M. og Punch, S. (2012). Not so 'new'? Looking critically at childhood studies. *Children's Geographies*, 10(3), 249–264.
- Tornero, M. D. L. A. og Capella, C. (2017). Change during psychotherapy through sand play tray in children that have been sexually abused. *Frontiers in Psychology*, 8, 1–12. <https://doi.org/10.3389/fpsyg.2017.00617>
- Toros, K. (2020). A systematic review of children's participation in child protection decision-making: Tokenistic presence or not? *Children & Society*, 35(3), 395–411. <https://doi.org/10.1111/chso.12418>
- Vis, S. A., Holtan, A. og Thomas, N. (2010). Obstacles for child participation in care and protection cases—why Norwegian social workers find it difficult. *Child Abuse Review*, 21(1), 7–23. <https://doi.org/10.1002/car.1155>